

- 5) Undanþegið eftirritunarskyldu.
- 6) Undanþegið eftirritunarskyldu, ef ávísað magn á lyfseðli fer ekki umfram magn, er getið er í sviga. (Óblandaðir ópíumsdropar, ópíumsendaþarmsstílar og ópíumstöflur eru þó alltaf eftirritunarskyld).
- 7) Með cannabis og cannabis harpeis er átt við hvers konar galeniskar samsetningar og plöntuhluta.
- 8) Sjá auglýsingu um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis nr. 314/1981.
- 9) Hámarks magn, sem ávísa má á lyfseðli, er getið í sviga. Sé einnig # í sviganum, merkir það tilvísun í reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, en þar er að finna nánari skýringar á uppgefnu hámarks magni.
- 10) Undanþegið eftirritunarskyldu, ef ávísað magn er minna en 1 g, blandað öðrum virkum efnum.
  - \* Efni, sem ekki hafa fengið INN-nafn.
  - DET: N,N-diethyltryptaminum.
  - DMHP: 3-(1,2-dimethylheptyl)-1-hydroxy-7,8,9,10-tetrahydro-6,6,9-trimethyl-6H-di benzo(b,d)-pyranum.
  - DMT: N,N-dimethyltryptaminum.
  - DOM/STP: 2-amino-1-(2,5-dimethoxy-4-methyl)-phenylpropanum.

## G J A L D S K R Á

**fyrir hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi,  
Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi  
fyrir árið 1986.**

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald fyrir árið 1986 skal vera kr. 4 000,00 fyrir hvern hund sbr. 2. gr. staflíð b, í samþykkt nr. 337/1983 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktar nr. 337/1983 skal vera kr. 4 000,00 í fyrsta sinn, kr. 5 000,00 í annað sinn og kr. 6 000,00 í þriðja sinn.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Miðneshrepps, Gerðahrepps, Vatnsleysustrandarhrepps og Hafnahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. janúar 1986.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

Ragnhildur E. Þórðardóttir.